



VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF HJARTAHEILLA

29. árg. 1. tbl. maí 2017





Fyrir þig, hjartað mitt



Hjartamagnýl®

– Dýrmæt forvörn

75 mg sýrupolnar töflur

Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalícýlsýru. Hjartamagnýl er ætlað sem annars stigs forvörn gegn hjartadrepri, til að fyrirbyggja hjarta- og æðasjúkdóma hjá sjúklingum með hjartaöng í jafnvægi, þegar saga er um hvikula hjartaöng, nema meðan á bráðafasanum stendur, til að fyrirbyggja stíflu eftir hjáveituaðgerð (CABG), við kransæðapræðingu (coronary angioplasty), nema meðan á bráðafasanum stendur, sem annars stigs forvörn gegn skammvinnnum blóðþurrðarköstum (TIA) og blóðþurrðarköstum í heila (CVA), að því tilskildu að blæðingar innan heila hafi verið útilokaðar. Notkun Hjartamagnýl er ekki ráðlögð við bráðaaðstæður. Notkun þess er takmörkuð við annars stigs forvarnir með langvinnri meðferð. Fylgið ávallt leiðbeiningum læknis um skammta og lyfjagjafir. Töflunum skal kyngja heilum með 1/2 glasi af vatni. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tyggja töflurnar, húðin kemur í veg fyrir ertandi áhrif í meltingarvegi. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Actavis



Efnisyfirlit

Stofnun HL stöðvanna var gæfuspor . . .	3
Hættur velmegunar	3
Með hjartsýni og hjartað að leiðarljósi tökum við stefnuna	4
Máttur göngutúranna	5
Formannafundur Hjartaheilla 2016 . . .	6
Staðreyndir um vatnsdrykkju	9
Alþjóðleg vitundarvika um meðfædda hjartagalla	10
Harmi sleginn slegill?	14
Kunnátta í skyndihjálpi hjargar mannslífi	15
Rauði dagurinn	16
Hvernig á að greinast?	17
Vel heppnað golfmót	18
Jólabingó Hjartaheilla og Samtaka lungnasjúklinga	20
Heimsleikar líffæraþega í Malaga næsta sumar	22
„Etlad samþykki“ til líffæragjafar verði meginregla	23
Rétti takturinn	25
Hjartaheill kom færandi hendi	25
Hjartaheill og Artasan í samstarf . . .	26
Hjartaheill og Lyfsalinn Glæsibæ í samstarf	26
Hvað er Íslandskortið?	30
Lífæðar hjartans	30
Reykjavíkurmaraþon 2017	30

Frá ritstjóra

Stofnun HL stöðvanna var gæfuspor



Pétur Bjarnason

Skammstöfunin HL stendur fyrir Hjarta- og lungna, en hlutverk HL stöðvanna er að veita hjarta- og lungnasjúklingum endurhæfingu, oft í beinu framhaldi af sjúkrahúsvist þar sem þátttakendum gefst kostur á viðhaldsþjálfun í samræmi við getu sína ásamt margvíslegri fræðslu.

HL stöðin í Reykjavík var stofnuð árið 1989 en áður hafði verið starfrækt hjartaendurhæfing á Reykjalundi frá árinu 1982. HL stöðin á Akureyri tók til starfa árið 1991. Stofnendur og bakhjarlar voru SÍBS, Hjartaheill og Hjartavernd.

Starf HL stöðvanna spannar því nær þriggja áratuga skeið. Þó margir útskrifist þaðan eftir að hafa tekið góðum framförum, þá þarf stór hluti þeirra sem æfir á stöðvunum á stöðugri þjálfun að halda undir eftirliti og með þeirri eftirfylgni sem þarna er í boði.

Nú má segja að hvert sæti sé skipað hjá HL stöðinni í Reykjavík þar sem 430 manns mæta tvisvar til þrisvar í viku til þjálfunar og eftirlits.

Á HL stöðvunum vinnur vel menntað og hæft starfsfólk og tækin sem þar er að finna hafa verið gefin til stöðvanna. Hver einasti sjúklingur fær meðferð í samræmi við getu og eftirlit er með því að enginn ofgeri sér, en nýti þjálfunina sem best til heilsuþótar og þar með aukinna lífsgæða.

Hættur velmegunar

Það eru forréttindi að fá að búa í velferðarþjóðfélagi eins og Íslandi. Hér höfum við það gott. En velmegun fylgja margar hættur. Það að hafa þokkalegar tekjur og alltaf nóg að borða getur kallað yfir okkur sjúkdóma ef við gætum þess ekki að passa heilsuna, hreyfa okkur hæfilega og vanda vel hvað við leggjum okkur til munns.

Þeir sem hafa fengið aðkenningu af hjartasjúkdómum, eins og flestir félagsmenn Hjartaheilla, hafa fengið góða fræðslu um fæðuval, hæfilega hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. Það þarf auðvitað að fara eftir þeim leiðbeiningum sem veittar eru og þar vantar stundum á.

Sem betur fer er vakning í þjóðfélaginu um holla lífshætti og aukna hreyfingu. Ungu fólkið sýnir það í vaxandi mæli að það tekur mark á þessum nýju gildum og gerir þau að sínum og það er vel. Þó þessi einföldu sannindi ættu að liggja í augum uppi er enn minnt á þau hér.

Aðstandendur Hjartaheilla vildu gjarnan að starfsemi samtakanna yrði óþörf. En þó hjartasjúkdómar séu vissulega á undanhaldi eru þó ekki teikn á lofti ennþá að þeir séu úr sögunni eða verði á næstunni. Sérhver einstaklingur getur dregið úr áhættu sinni á að fá slíkan sjúkdóm með því að gefa gaum að heilsu sinni. Göngutúr, sundsprettur eða að taka fram hjólið tvisvar þrisvar í viku getur gert gæfumuninn.

Gleðilegt sumar!

Pétur Bjarnason



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneytið styrkir starfsemi Hjartaheilla.

Velferð

málagn og fréttabréf Hjartaheilla.

Útgefandi: Hjartaheill, Síðumúla 6,
108 Reykjavík, sími: 552 5744.

Heimasíða Hjartaheilla: hjartaheill.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Pétur Bjarnason.

Ritnefnd: Ásgeir Þór Árnason,
Guðrún Bergmann Franzdóttir

Prentun og umbrot: Litróf

Forsíðumynd: Frá golfmóti Hjartaheilla
síðastliðið sumar. Myndina tók Sara
Karen Jóhannesdóttir.

Upplag: 6.500

Aðsendar greinar eru á ábyrgð höfunda.



Með bjartsýni og hjartað að leiðarljósi tökum við stefnuna

Sveinn Guðmundsson formaður Hjartaheilla og SÍBS

Það er svo merkilegt hvernig allt verður léttara þegar birta og ylur umlykur mann-lífið. Það er um að gera að njóta og þakka fyrir hverja líðandi stund. Það er svo mikilvægt að læra að þekkja það sem maður hefur. Oft áttar maður sig ekki á því fyrr en það góða er um garð gengið. Það er alþekkt að fólk þakkar ekki fyrir heilsu sína fyrr en eitthvað fer að bila. Þá kemur í ljós hvað vantar, þá veit fólk hvað það átti. Meðan líkaminn og hugurinn gengur eins og klukka þá gerir maður sér ekki grein fyrir að það sé eitthvað að þakka fyrir.

Mótlætið er varða á veginum til að minna okkur á hver við erum, hvað við höfum og hverju við ráðum ekki yfir. Mótlætið getur verið kennslustund í þakklæti en það getur líka brotið okkur niður. Með því að þakka fyrir það góða sem við höfum í lífinu sköpum við hugsun sem tekur fagnandi á móti lífinu, við verðum jákvæð og bjartsýnin tekur við.

Framundan hjá okkur í Hjartaheill eru óþrjótandi verkefni. Við þurfum að koma okkur upp stefnumótun á ný. Vönduð greining og sameiginleg sýn okkar á núverandi stöðu er lykilatriði til að ná góðum árangri með stefnumótun. Af þeim ástæðum er upphaf stefnumótunarferlis fólgið í að rýna bæði í innra og ytra umhverfi okkar. Stefna samhæfir ólíka þætti í starfsemi okkar, hjálpar starfsfólki okkar og félagsstarfi að velja úr fjölda tækifæra, auðveldar ákvarðanatökur og leiðir til þess að betri ákvarðanir verði teknar með því að horft er til allra átta. Síðast en ekki síst stuðlar hún að því að við skilgreinum með skýrum hætti sérstöðu okkar og virðisauka, bæði fyrir okkur sjálf og samfélagið þá um leið, og beinum markvisst kröftum að því sem skilar mestum árangri til lengri tíma.

Rannsóknir sýna að þeir sem fylgja stefnu sinni í gegnum áætlanagerð, mælingar og eftirlit eru með mun betri afkomu en ella.



Sveinn Guðmundsson.

Til að ná árangri er mikilvægt að það sé samræmi í skipulagi og framkvæmd í félaginu og að það sé hægt að mæla árangur og koma þeim upplýsingum til réttara aðila. Hraðinn í þjóðfélaginu er miklu meiri en áður var. Geta félagsins til að aðlagast breyttu markaðsumhverfi á fljóttan og árangursríkan hátt er afgerandi til að ná árangri.

Hjartaheill líkt og önnur líknar- og sjúklingafélög eru á „markaði“ til að reyna að ná athygli samfélagsins. Við viljum koma skilaboðum á framfæri. Við vinnum forvarnarstarf. Þörf er á að ákveða nákvæmlega hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar, í hvaða röð þær skulu framkvæmdar og hvaða stefna skal höfð að leiðarljósi.

Þetta allt munum við setja fram á markvissan hátt með hjartað að leiðarljósi.

Gleðilegt sumar.



Arion banki



MEDOR



HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands



Alþýðusamband Íslands



HB GRANDI





Starfsmenn Hjartaheilla stofnuðu gönguhóp árið 1999 sem enn starfar. Öllum er reyndar frjálst að vera með. Gengið var frá Perlunni lengst af og fékk því hópurinn nafnið Perluvínir. Nú hittist hann við Glæsibæ kl. 11 á laugardagsmorgnum. Eftir um klukkustundar rólega göngu er súpa og spjall. Verið velkomin í hópinn.

Máttur göngutúranna

Axel F. Sigurðsson hjartalæknir

Heilsa okkar og líðan er að miklu leyti háð athöfnum okkar og lífsstíl. Oftast er ekki flókið að grípa til aðgerða sem bæta heilsuna og draga úr líkum á sjúkdómum. Fyrsta skrefið er að átta sig á því að lífsstíllinn skiptir máli og að trúa því að við einfaldar athafnir geti skipt sköpum fyrir heilsu okkar.

Oft ræði ég við fólk um mikilvægi reglubundinnar hreyfingar fyrir heilsuna. Stundum rek ég mig á að fólk áttar sig ekki á mikilvægi líkamsræktar fyrir andlega og líkamlega líðan. Sumir telja jafnvel að það sé einhvers konar mýta að hreyfing skipti máli og að vísindalegar rannsóknir hafi ekki sýnt fram á slíkt. Hið sanna er að þetta er alrangt. Vísindarannsóknir hafa nefnilega sýnt að hreyfing getur skipt sköpum fyrir heilsu okkar.

Þegar við eldumst minnkar vöðvastyrkur og stíðleiki eykst. Líkamsrækt sem við gátum stundað þegar við vorum yngri verður okkur erfiðari og stundum óframkvæmanleg. Þá má hins vegar ekki leggja árar í bát og leggjast upp í sófa.

Einföld hreyfing eins og göngutúrar getur haft mjög jákvæð áhrif á heilsu okkar og dregið úr hættu á sjúkdómum. Hreyfing

hefur góð áhrif á blóðþrýsting og blóðfitur auk þess sem hún getur dregið úr hægfara bólguvirkni í líkamanum. Fræðilega getur þetta dregið úr hættu á krabbameinum og hjarta- og æðasjúkdómum.

Árið 1998 birtist í áhugaverð grein í The New England Journal of Medicine sem er eitt af virtustu læknatímaritum heims. Greinin lýsti niðurstöðum rannsókna sem gerðar höfðu verið á 707 karlmonnum á aldursbilinu 60-80 ára. Enginn þessarar manna reykti. Skráð var hversu langt þeir gengu á hverjum degi. Eftirfylgni stóð í 12 ár. Rannsóknin var hluti af stærra verkefni sem kallast Honolulu Heart Program.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru býsna sláandi. Dánartíðni var næstum tvisvar sinnum hærri meðal karlanna sem gengu minna en 1.6 km á dag en meðal þeirra sem gengu meira en 3.2 km á dag. Eftir 12 ár voru 43.1% karlanna í fyrrnefnda hópnum látnir en aðeins 21.5 prósent karlanna í síðarnefnda hópnum. Bæði var um að ræða fækkun dauðsfalla vegna krabbameina og vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Tölfræðilegar aðferðir voru notaðar til að leiðrétta fyrir aðra áhættuþætti eins og aldur, blóðfitur, blóðþrýsting og sykursýki.

Í læknisfræðinni einblínum við oft á lækningaaðferðir og lyfjameðferðir sem geta bætt heilsu, lækkað blóðþrýsting eða blóðsykur og bætt blóðfitur. Miklar framfarir hafa orðið í lyfjameðferð háþrýstings, blóðfituraskana og sykursýki. Hins vegar má ekki gleyma að einfaldar aðgerðir sem snerta líffstíl okkar geta stundum haft jafnmikil eða meiri áhrif í átt til betri heilsu. Þess vegna má Honolulu rannsóknin ekki falla í gleysku.

Göngutúrar á Íslandi

Hér á landi búum við í umhverfi þar sem göngufæri kann að vera býsna erfitt yfir vetrartíman. Hálkuslys eru algeng og fólk veigrar sér við að ganga úti sem er afar skiljanlegt. Á slíkum tímum eru mannbroddar mikilvægt öryggistæki sem sjálfsagt er að notfæra sér.

Mörg bæjarfélög á Íslandi hafa byggt fjölnota íþróttahallir. Þar er hægt að ganga á svokölluðum tartanbrautum við góðar aðstæður. Flestar þessar íþróttahallir hafa opið fyrir almenning daglega og er aðgangur ókeypis.

Af vefsíðunni: www.mataraaedi.is



Formannafundur Hjartaheilla 2016

Fundurinn var haldinn í SíBS húsinu í Síðumúla 6 í Reykjavík, 2. desember s.l.

Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla setti fundinn. Valgerður Hermannsdóttir var skipuð fundarstjóri og Ásgeir Þór Árnason fundarritari. Til fundarins voru mættir um 20 formenn og aðrir sem seturétt eiga á formannafundum en allmargir tilkynntu forföll.

Formaður flutti fundinum skýrslu stjórnar, sem jafnframt var yfirlit um starfsemi samtakanna árið 2015 og að hluta 2016.

Á fyrsta fundi stjórnarinnar var Valgerður Hermannsdóttir kjörin varaformaður Hjartaheilla. Er þetta í fyrsta skiptið sem kona gegnir varaformennsku í 32 ára sögu Hjartaheilla.



Frá aðalfundi Hjartaheilla 2015.



Sveinn Guðmundsson.

Formaður lýsti stuðningi og samstarfi Hjartaheilla við GoRed, en GoRed dagurinn 2015 var haldinn hátíðlegur í húsakynnum Hjartaheilla að Síðumúla 6, Reykjavík. Boðið var upp á heilsufarmælingar; blóðfitu, blóðsykur, blóðþrýstings og súrefnismettunarmælingar ásamt fyrirlestrum um hjartasjúkdóma. Um 450 manns komu í Síðumúlann þennan dag. Hjartaheill hefur tekið virkan þátt í kynningarstarfi GoRed samtakanna ásamt Hjartavernd, Heilaheill og fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga.

Heilsufarmælingar hafa verið stór þáttur í starfi Hjartaheilla mörg undanfarin ár. Hafa verið farnar ferðir vítt um landið í



Valgerður Hermannsdóttir.

þessu skyni. Hefur þessum mælingum ávallt verið afar vel tekið og jafnan gríðarlega aðsókn þar sem boðið er upp á þessa þjónustu.

Ótímabær dauðdagi af völdum hjartasjúkdóma er óásættanlegur og hlýtur öll sú starfsemi sem lýtur að fræðslu og forvörnum og því að upplýsa fólk sem allra best um aðstæður þess, að vera af hinu góða. Samtals hafa frá fyrstu mælingu árið 2000 og til þessa dags verið mældir yfir 13 þúsund einstaklingar.

Golfmót Hjartaheilla fór fram á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal 9. ágúst 2015 og var þátttaka mjög góð.

Yfir 15 þúsund hlauparar tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka sem hlaupið var laugardaginn 22. ágúst 2015. Mikil stemning var meðal hlaupara og áhorfenda á meðan hlaupið fór fram.

Aðalfundur Hjartaheilla fyrir starfsárin 2012 til 2015 var haldinn í Hringssal Barnaspítala Hringssins laugardaginn 12. september 2015. Um 60 fulltrúar mættu á fundinn frá öllum deildum Hjartaheilla. Guðmundur Bjarnason lét af störfum sem formaður samtakanna og var Sveinn Guðmundsson kjörinn nýr formaður.

Í tilefni Alþjóðlega hjartadagsins var Hjartadagshlaupið ræst í níunda sinn í Kópavogi 27. september 2015. Boðið var upp á 5 og 10 km vegalengdir og var þátttaka í hlaupinu ókeypis eins og ætíð. Alls luku ríflega 250 manns hlaupinu. Stór hópur gekk um dalinn undir leiðsögn garðyrkjustjóra Kópavogs. Helsta einkenni Hjartadagshlaupsins er hve aldursdreifing keppanda er mikil.

Hjartaheill tók þátt í sýningunni Heilsa og lífsstíll 2015 í Hörpu í október 2015. Áætlaður fjöldi gesta var um 14 þúsund yfir sýningarhelgina.

Á opnum fræðslufundum Íslenskrar erfðagreiningar þann 17. október 2015 var fjallað um rannsóknir á starfsemi líkama mannsins, eðli og erfðum ýmissa sjúkdóma. Fundirnir var haldnir í samráði og samstarfi



Stórsveit SÍBS spilar bara um jólaleytið.

við Hjartaheill. Á fjórða hundrað gesta mættu á fundinn.

Hjartaheill hafa tekið virkan þátt í samstarfsverkefninu „Annað líf“. Er þar fjallað um málefni líffæragjafa og líffæraþega og áfram lögð áhersla á að ná fram breytingu á lögum um líffæragjafir þannig að meginreglan verði „ætlað samþykki“. Þá hafa fulltrúar frá Íslandi tvívegis tekið þátt í „Heimsleikum líffæraþega“ en Kjartan Birgisson tók þátt í leikunum sem fram fóru í Argentínu árið 2015.

Jólabingó Hjartaheilla var haldið 8. desember 2015. Vel var mætt enda voru veglegir vinningar í boði.

Blaðið okkar VELFERÐ kemur út tvisvar á ári með ýmis konar fræðslu, fróðleik og fréttum. Pétur Bjarnason hefur annast ritstjórn blaðsins frá árinu 2014.

Fræðslubæklingurinn „Hjartasjúkdómur – forvarnir – lækning - endurhæfing“ kom út aukinn og endurbættur haustið 2015. Auk þess hafa samtökin staðið að gerð og útgáfu myndbanda og mynddíska um hjartasjúkdóma, hjartaaðgerðir, endurhæfingu og fræðslu um hvernig beri að hegða sér og hvernig helst megir forðast að fá slíka sjúkdóma.

Fræðslumyndin um Gáttatif sem sýnd var í sjónvarpinu þann 10. mars 2015 þykir hafa heppnast afar vel. Þar fjalla lækningar um orsakir gáttatífs, einkenni þess og meðferðarúrræði og sjúklingar segja frá áralangri glímu sinni við sjúkdóminn.

Þá er Hjartaheill með í vinnslu mynd um „Lífæðar hjartans“ - fræðslumynd um kransæðasjúkdóm og mynd um skaðsemi tóbaks.

Nokkur tímamót urðu á árinu 2015 í tengslum Hjartaheilla og ÖBÍ. Hjartaheill

hafa ekki átt beina aðild að Öryrkjabandalagi Íslands en á framhaldsaðalfundi ÖBÍ þann 6. október 2015 var umsókn Hjartaheilla að ÖBÍ samþykkt. Þar með eru Hjartaheill með sjálfstæða aðild að ÖBÍ, í stað þess að áður fór SÍBS með tengslin fyrir hönd aðildarfélaga sinna.

Formaðurinn lauk skýrslunni með því að þakka starfsmönnum, stjórn og félagsmönnum einstaklega góða samvinnu á tímabilinu.



Guðmundur R. Óskarsson.

Guðmundur R. Óskarsson löggildur endurskoðandi Hjartaheilla og Styrktarsjóðs hjartasjúklinga fór yfir reikninga ársins 2015, sem voru einróma samþykktir ásamt skýrslu stjórnar eftir umræður.

Pétur Bjarnason, formaður laga – og skipulagsnefndar Hjartaheilla fór yfir tillögu laganeftar til lagaforms fyrir deildir að vinna eftir. Sagði Pétur að meginilgangurinn með þessum lögum væri að tryggja sjálfsákvörðunarrétt deilda gagnvart landsamtökunum, þar sem deildir halda úti sjálfstæðu starfi, en þeim fer því miður fækkandi. Stjórn Hjartaheilla þarf að stað-

festa þetta lagaform. Gera þarf örlitlar breytingar á lögum landssamtakanna til samræmis á næsta aðalfundi Hjartaheilla árið 2018.

Stuttar fréttir frá deildum:

Kjartan Birgisson sagði starf deildarinnar á höfuðborgarsvæðinu vera svo nátengt starfinu á skrifstofunni hjá Hjartaheillum að þar væri eiginlega enginn munur frá því sem



Garðar Helgason.

verið hefur. Garðar Helgason frá Eyjafjarðarsvæðinu sagði svipað ástand vera í sínu félagi og á höfuðborgarsvæðinu. Hann sé eini tengiliðurinn við landssamtökin og taldi litlar líkur á að deildin verði endurvakin. Búið sé að ráðstafa þeim fjármunum sem félagið átti til góðra mála á Akureyri. Sigurður Aðalgeirsson sagði deildina í Þingeyjarsýslum nýbúna að halda aðalfund þar sem kjörin var ný stjórn. Starfið sé með hefðbundnum hætti og mesta vinnan fari í HL – stöðina á Húsavík. Friðrik Ingvarsson Austurlandi sagði langt síðan fundur hafi verið haldinn í félaginu en hann sé í góðu sambandi við stjórnarmenn í deildinni. Hann ætli að gera tilraun og boða til fundar með nýju lagadrögin að vopni. Björg Björnsdóttir á Suðurlandi sagði starfið í deildinni á niðurleið. Aðalfundur hefur ekki



Björg Björnsdóttir.



verið haldinn og lýsti hún yfir ánægju sinni með nýju lögin – nú muni hún boða til aðalfundar næsta vor. Deildin hafi reynt að halda úti göngu nálægt Selfossi í kringum alþjóðlega hjartadaginn en þátttaka verið lítil og fari minnkandi. Deildin sendi tvo fulltrúa á sambandsþing SÍBS og þakkaði Björg starfsmönnum skrifstofunnar góð störf og sagði starfsmennina ávallt reiðubúna að aðstoða hana.



Fríða Björk Arnardóttir.

Fríða B. Arnardóttir frá Neistanum sagði frá því að hún hafi hætt sem formaður þar í maí s.l. og tekið við nýju starfi sem framkvæmdastjóri Neistans. Vegleg 20 ára afmælisveisla styrktarsjóðsins var haldinn á árinu. Hún sagði fjölbreytt starf vera hjá Neistanum s.s. unglingahópurinn, samstarf við Blóðbankann, þátttaka í starfi GoRed og alþjóðlega hjartadeginum auk þess að hlúa að Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.

Önnur mál:

Pétur Bjarnason sagði frá starfi stórsveitar SÍBS sem hefur í 17 ár spilað á jólaböllum fyrir Neistann, Foreldrasamtök fatlaðra, Astma- og ofnæmisfélag Íslands, SÁÁ og spilaði í mörg ár fyrir Foreldrafélag Öskjuhlíðarskóla. Hljómsveitameðlimir tengjast flestir aðildarfélögum SÍBS og má stundum vart á milli sjá hvor hópurinn skemmtir sér betur þ.e. hljómsveitin eða veislugestir. Þessi verkefni eru mjög gefandi sagði Pétur en velti fyrir sér hvort jólaböll væru á undanhaldi.

Pétur vakti einnig athygli á að þar sem tengiliðir væru við stjórn deilda yrðu þeir að leita til stjórnar landssamtakanna um úthlutun fjár frá deildinni. Pétur sagði einnig frá stöðnun í fjölgun félagsmanna og hvatti stjórn Hjartaheilla að setja í gang stefnumótunarvinnu fyrir samtökin og hvernig bæta megi fjárhag þeirra.

Sveinn Guðmundsson tók undir orð Péturs og ræddi auk þess nokkur innanfélagsmál við fundarmenn.



Frá Hjartadagshlaupinu 2015.

Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla óskaði eftir því að deildirnar veittu honum upplýsingar um allar gjafir sem deildirnar hafa gefið frá stofnun þeirra til að halda sameiginlega skrá yfir slíkt. Ásgeir Þór þakkaði fundarmönnum fyrir mjög góðan og málefnalegan fund.



Magnús Þorgrímsson.

Magnús Þorgrímsson tók undir fyrri orð um nauðsyn þess að afla tekna fyrir félagið en við mættum ekki gleyma því að starfið á einnig að vera skemmtilegt.



Varaformaður og framkvæmdastjóri Hjartaheilla fara yfir málin.



Valbjörg Jónsdóttir.

Valbjörg Jónsdóttir þakkaði fyrir góðan fund og sagðist hafa fengið ábendingu um að merkjasalan hafi verið lítið áberandi.

Guðrún Bergmann Franzdóttir upplýsti um fréttatilkynningar, auglýsingar og notkun á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á merkjasölunni. Merkjasalan hafi ekki gengið vel þar sem fleiri félög voru með sölu á sama tíma og við. Hún gerði þó ráð fyrir að salan stæði undir kostnaði en hagnaður yrði lítill.

Formaður Hjartaheilla, Sveinn Guðmundsson, þakkaði góðan fund og sagði að mynd Hjartaheilla úti í samfélaginu sé sannarlega góð og sýni hlýhug þjóðarinnar til Hjartaheilla. Hann lauk máli sínu með því að þakka fundarmönnum góðan fund, óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla, farsældar á komandi ári og sleit fundi.

Að fundi loknum var haldið til Hamborgarasmíðjunnar á Grensásvegi og snæddur kvöldverður í boði Hjartaheilla.

Á skrifstofu Hjartaheilla starfa nú Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri, Guðrún Bergmann Franzdóttir, skrifstofustjóri og Kjartan Birgisson, fulltrúi í hlutastarfi.



Staðreyndir um vatnsdrykkju

Vatn líkamans er um 60% af líkamsþungunum að meðaltali og gegnir margvíslegum hlutverkum sem gerir það lífsnauðsynlegt manningum og öðrum lifandi verum. Meðal hlutverka vatns í líkamanum er að flytja úrgangsefni, sem verða til í efnaskiptum, með þvagi úr líkamanum. Einnig tapast vatn sem gufa frá lungum, frá húð sem sviti og með hægðum. Daglegt heildarvatns-tap eftir þessum leiðum er að meðaltali um 2 – 2,5 lítrar á dag.



Við vitum öll að það er hollt og gott að drekka vatn. Þrátt fyrir það er margt sem við vitum ekki um vatnsdrykkju. Í þessum pistli er leitast við að svara nokkrum algengum spurningum varðandi vatnsdrykkju og leiðrétta nokkrar staðreyndavillur um hana.

Hversu mikið vatn á ég að drekka daglega?

Flest okkar þurfa á milli 2 til 2,5 lítra á dag. En ef heitt er í veðri eða þú stundar hreyfingu þarftu meira. Ef þú stundar mikla hreyfingu á sama deginum eða ert í miklum hita þarftu mögulega á einhverjum öðrum vökva að halda þar sem mikil vökvalosun á stuttum tíma veldur salt og natríumskorti sem lýsir sér í höfuðverk og slappleika. Gott er þá að drekka sportdrykki, þynntan ávaxtasafa eða annað sem gefur steinefni og vökva auk sykra eða kolvetna sem orkugjafa. Þrátt fyrir þessi sértílvik er hreint íslenskt vatn við flestar aðstæður besti drykkurinn.

Ég þarf ekki að drekka vatn þar sem ég finn aldrei fyrir þorsta

Þó þú finnst ekki fyrir þorsta þarf líkaminn vatn. Við getum meira að segja talið okkur



vera svöng þegar við í raun erum þyrst. Þess vegna er gott ráð að fá sér vatnsglas fyrir mat hvort sem þú finnst fyrir þorsta eða ekki.

Hversu kalt á vatnið að vera?

Hér eru skiptar skoðanir. Flestir sérfræðingar telja að kalda vatnið sé betra þar sem maginn frásogar kalt vatn hraðar en volgt. Einnig eru einhverjar rannsóknir sem benda til þess að kalt vatn hraði á fitu-brennslunni. Volgt vatn er auðveldara að drekka í miklu magni. Hafðu vatnið bara á því hitastigi sem þér finnst best.

Ég þarf ekki að drekka vatn þar sem ég drekk fullt af kaffi og te

Te og kaffi eru allt í lagi í hófi, en mikið magn af þeim kemur ekki í staðinn fyrir vatn. Báðir þessir drykkir innihalda yfirleitt koffín sem er þvagörvandi og veldur vökva-tapi.

Ég drekk alveg fullt af djús, hvers vegna þarf ég þá vatn?

Þrátt fyrir að það sé gott að fá glas af ávaxtasafa daglega þá er betra að drekka meira vatn. En ef þér finnst vatnið bara ekkert sérstaklega gott er fínt að setja örlítinn djús út í vatnið, eða blanda því til helminga. Djúsinn er dýrari, yfirleitt hár í sykri og hefur slæm áhrif á tennurnar.



Ef ég drekk mikið af vatni, fæ ég þá ekki bara bjúg?

Nei. Margar konur fá bjúg stuttu fyrir tíðir og halda að það að drekka minna vatn minnki bjúgin. En í raun þurfa þær að drekka meira þar sem við litla vatnsdrykkja eykst natríummagn í líkamanum sem bindur vökvann. En það að drekka vatn losar líkamann við aukamagn af natríum.

Hvenær dagsins er best að drekka vatn?

Vatnsdrykkjunni áttu að dreifa yfir daginn. Það er ekkert gott að drekka of mikið af vatni í einu. Fáðu þér stórt vatnsglas 3-4 sinnum á dag og svo sopa og sopa yfir daginn. Ef þú finnst fyrir þorsta skortir líkamann vökva. Drekkðu vatnið áður en þú finnst fyrir þorsta.

Grein þessi er tekin af

<http://www.islenskt.is/>

og birt með góðfúslegu leyfi þeirra.



Alþjóðleg vitundarvika um meðfædda hjartagalla

Friða B. Arnardóttir

Dagana 7. - 14. febrúar ár hvert er alþjóðleg vika meðfæddra hjartagalla (CHD awareness week). Í þessari viku er sérstök áhersla lögð á að fræða almenning um meðfædda hjartagalla, hetjurnar sem lifa með þá alla sína ævi, fjölskyldur þeirra og lífið með hjartagalla.

Á þessu ári tók Neistinn þátt í vitundarvikunni af miklum myndarskap. Við völdum eina setningu á dag til að kynna meðfædda hjartagalla á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Þessar setningar voru auglýstar á Fésbók og víðar á netinu með myllumerkingunum #einstokhjortu og #chdawarenessweek. Á myndum sem fylgja má sjá sýnishorn af skiltunum 8, en setningarnar voru þessar:

- Sun. 7. feb. „Vissir þú að hjartagallar eru algengustu fæðingargallarnir?“

- Mán 8. feb. „Vissir þú að á Íslandi fæðast um 70 börn á ári með hjartagalla?“
- Þri. 9. feb. „Vissir þú að börn með meðfædda hjartagalla hafa mörg þurft á blóðgjöf að halda?“
- Mið. 10. feb. „Vissir þú að langflest hjartabörn lifa löngu og góðu lífi? Minnumst þeirra sem látist hafa.“
- Fim. 11. feb. „Vissir þú að vegna framfara í læknavísindum fjölgar fullorðnum „hjartabörnum“ hratt?“
- Fös. 12. feb. „Vissir þú að sum börn með meðfæddan hjartagalla eru með gangráð?“
- Lau. 13. feb. „Vissir þú að sum börn þurfa að fara í margar hjartaaðgerðir, innanlands og erlendis?“
- Sun. 14. feb. „Vissir þú að sum börn þurfa fara í margar hjartaaðgerðir, innanlands og erlendis?“



Elin Eiríksdóttir, formaður Neistans með tvö börn í fanginu.

Þá dreifðum við slagorðum sem margir stoltir aðstandendur hjartabarna tóku upp í „prófil“ sinn á Fésbókinni. Þúsundir manna skoðuðu skiltin og deildu á samfélagsmiðlum. Heimildamyndin 70 lítil hjörtu eftir Pál Kristinn Pálsson var kynnt til sögunnar á ný, tenglum á hana dreift á Netinu og almenningur hvattur til að kynna sér efni hennar. Þarna er enda á ferð góð kynning á málefnum okkar á skiljanlegri



Adam Hrafn Arnórsson fékk fyrstu nýburahúfuna.



Tvær málaðar blómarósir, Salka Elin og María Dís.



framsetningu. Myndina er hægt að sjá á Vimeo (<https://vimeo.com/42640755>).

Hápunktur vikunnar var svo blóðsöfnunardagur sem skipulagður var í samvinnu við Blóðbankann 9. febrúar. Hjartabörn hafa býsna mörg þurft að nota þjónusta bankans og vildum við, aðstandendur þeirra, þakka fyrir okkur með því að gefa blóð og hvetja aðra til samflots. Blóðsöfnunin stóð allan fimmtudaginn 9. febrúar, kl. 08:00 - 19:00, í Blóðbankanum. Þar vorum við með

barnapössun, andlitsmálun og blóðrur og léttar veitingar – veglegri en venjulega - voru í boði Blóðbankans. Mikil stemmning skapaðist og var blóðgjöfin alveg með mesta móti að mati Jórunnar Óskar Frímansdóttur hjá Blóðbankanum.

Stjórn Neistans ákvað að hefja vinnu við húfuverkefni í vitundarvikunni um meðfædda hjartagalla að amerískri fyrirmynd - Bandarísku hjartasamtökin og félag hjartveikveikra barna í Ameríku hafa stað-

ið fyrir svona verkefni sem kallast „Little Hats, Big Hearts“.

Neistinn, með traustri og mikilvægri aðstoð sjálfbóðaliða og hjartavina, tók sig til og prjónaði og gaf öllum nýburum sem fæddust þessa viku fallega, rauða húfu til að heiðra baráttu hjartveikra barna, en árlega fæðast um 70 hjartveik börn á Íslandi.

Friða B. Arnardóttir
er framkvæmdastjóri Neistans.

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að sum börn þurfa að fara í margar **hjartaaðgerðir**, innanlands og erlendis?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að sum börn með meðfæddan hjartagalla eru með **gangráð**?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að hjartagallar eru algengustu fæðingargallarnir?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að vegna framfara í læknavísindum fjölga **fullorðnum** "hjartabörnum" hratt?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að langflest hjartabörn lífa löngu og **góðu lífi**? Minnumst þeirra sem látist hafa.



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að á Íslandi fæðast um **70 börn á ári** með hjartagalla



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að börn sem fæðast með hjartagalla fara sum í aðgerð aðeins fárra daga gömul?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is

Vitundarvika um meðfædda hjartagalla

7. - 14. FEBRÚAR

Vissir þú að börn með meðfædda hjartagalla hafa mörg þurft á **blóðgjöf** að halda?



Neistinn
væðingafélag hjartveikra barna

www.neistinn.is



Málþing um stöðu súrefnisþega á Íslandi

Grand hótél, Sigtúni 38, Reykjavík

17. maí 2017 kl. 12:00 - 16:00



Fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga efnir til málþings um stöðu súrefnisþega á Íslandi. Tilefnið er 20 ára afmæli samtaka lungnasjúklinga. Markmið málþingsins er að hvetja til umræðu um lífsgæði súrefnisþega, stuðla að bættum aðbúnaði þeirra og að efla samvinnu fagaðila sem koma að ákvörðunum, þjónustu, meðferð, fræðslu og eftirliti.

Dagskrá

- 12:00 Húsið opnað og boðið upp á veitingar
- Fundarstjóri er Bryndís Halldórsdóttir**
- 12:30 Málþingið sett
- Elfa Dröfn Ingólfssdóttir hjúkrunarfræðingur, formaður undirbúningsnefndar
- 12:35 Opnunarávarp
- Bryndís Þorvaldsdóttir, velferðarráðuneytinu
- 12:45 Framlag frá samtökum lungnasjúklinga (SLS)
- Guðný Linda Óladóttir, formaður samtaka lungnasjúklinga
- 12:55 Súrefni! Gamalt vín á nýjum belgjum
- Björn Magnússon, lungnasérfræðingur
- 13:05 Aðkoma Sjúkratrygginga Íslands
- Júlíana Hansdóttir Aspelund, Sjúkratryggingum Íslands
- 13:15 Nýjungar í búnaði og þjónustu við sjúklinga með súrefnismeðferð í heimahúsi
- Sigurbjörg Sverrisdóttir, Linde Healthcare - Ísaga ehf
- 13:25 Meðferð og eftirlit súrefnisháðra sjúklinga í heimahúsum
- Rósa Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur, súrefnisþjónustu Landsspítala
- 13:35 Mikilvægi þjálfunar súrefnisháðra lungnasjúklinga
- Helga Sjöfn Jóhannesdóttir sjúkraþjálfari, Reykjalundi
- 13:45 Tónlistaratiði - Hörpusveitin
- HLÉ – kynning frá fyrirtækjum**
- kaffiveitingar í boði Samtaka lungnasjúklinga**
- 14:20 Læknisfræðilegar ábendingar súrefnismeðferðar
- Björn Magnússon, lungnasérfræðingur
- 14:30 Að lifa með súrefnisbúnað
- Guðjón Hilmarsson, súrefnisþegi
- 14:40 Hvaða súrefnisbúnaður hentar mér og mínu lífi best?
- Þorbjörg Sóley Ingadóttir og Guðrún Hlín Bragadóttir, hjúkrunarfræðingar Hjúkrunarþjónustu fyrir langveika lungnasjúklinga
- 15:00 Pallborðsumræður - Stjórnandi Bryndís Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur
- 15:40 Samantekt og lokaorð
- Jónína Sigurgeirsdóttir formaður Fagdeildar lungnahjúkrunarfræðinga



Fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga í samvinnu við
Félag íslenskra lungnalækna og Samtök lungnasjúklinga.

Skráning á lunga@hjukrun.is





Pökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Admon ehf
Aðalverkstæðið ehf
Aðalvík ehf
Antikhúsið ehf
ARGOS ehf-Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Álnabær ehf, verslun
Áltak ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
B M Vallá ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Básfell ehf
Ber ehf, vínheildsala
Betra líf ehf
Bifreiðaverkstæðið Armur
Bílabúð Benna ehf
Bílalíf, bílasala
Bílasmiðurinn hf
Bílastjarnan
Blaðamannafélag Íslands
Borgar Apótek
Borgarpylsur
Bólstrarinn ehf
Bólstrun Ásgríms ehf
Bón og þvottastöðin ehf
Bónstöðin Borgartúni 21
Brauhúsið ehf
Brim hf
Brimdal ehf
BSI bifreiðaverkstæði ehf
Búseti svf
Byggingarfélag
Gylfa og Gunnars ehf
Casino ehf
Coca Cola
European Partners Ísland ehf
Dalbær sf
Danica sjávarafurðir ehf
Dental-I ehf
Dokkan þekkingar- og tengslanet
www.dokkan.is
Dúndur ehf
E.T. hf
Eignaskipting ehf
Endurskoðun og reikningshald ehf
Ernst & Young ehf
Fasteignasalan Miklaborg
Ferðafélag Íslands
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Fínka ehf, málningarverktakar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
Forum lögmenn ehf
Föt og skór ehf
Gallerí Fold
Garðs Apótek ehf
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com
Gjögur hf
Gjörvi ehf
Gleraugnasalan 65 slf
Glófi ehf / VARMA
Gnýr fasteignir sf
Golfskálinn, golfverslun
Guðlaug Harðardóttir
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Örn - málningarþjónusta
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf
Halldór Jónsson ehf
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarabúlla Tómasar
- Við erum öll jöfn
Hannyrðaverslunin Sporið
Hársnyrtistofa Dóra
Háskólinn í Reykjavík
HGK ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hjá Guðjón Ó ehf
Hjólástillingar ehf
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan
Hollt og gott ehf
Hópfærðarþjónusta Reykjavík ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreinsitækni ehf
Hreyfing heilsurækt
Húsalagnir ehf
Hverafold bakarí
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
Iceland Congress
Innnes ehf
Isavia
Íris B. Guðnadóttir
klínískur tannsmíðameistari
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísbúðin Erluís
Íslandsstofa
Íslenskir aðalverktakar hf
Ísmar ehf
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Járn og gler ehf
JBB Tannlæknastofa ehf
Jóhann Hauksson, trésmíði ehf

Jónar Transport hf
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Pétursson ehf
K•R•S•T Lögmenn
Kemi ehf-www.kemi.is
Kj Kjartansson hf
Kjara ehf
Kjöthöllin ehf
Klöpp Arkitektar
Verkfræðingar ehf
Kolka ehf
KOM almannatengsl
Kortapjónustan hf
Kraftganga, líkamsrækt
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásapjónustan ehf
Láshúsið ehf
Leigulistinn ehf
Lifandi vísindi
Listamenn - Innrömmun
Lífstykkiabúðin ehf
Ljósmyndastofa Ljósmyndir Rutar
LOG lögmennsstofa sf
Lyfjaver ehf
Lækjarbrekka, veitingahús
Læknasetrið ehf
Lögmennafélag Íslands
Lögreglufélag Reykjavíkur
Margt smátt ehf
Matthías ehf
Málmsmiðjan Ferrum ehf
Memaxi ehf
MyTimePlan ehf
Nasdaq Iceland
Nostra ræstingar ehf
Nói-Sírús hf
Nýherji hf
Nýi ökuskólinn ehf
Orkuvirki ehf
Ósal ehf
Parket og gólf
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf
Passion Reykjavík,
bakarí og kaffihús
Pétur Stefánsson ehf
Pósturinn
Prentsmiðjan Leturprent ehf
Promennt ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafey ehf
Raflax ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf



Harmi sleginn slegill?

Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartalæknir

Getur hjartað brostið af sorg? Þessa spurningu fékk ég ekki alls fyrir löngu. Tilefni spurningarinnar man ég ekki lengur, en vafalítið hafði einhver veikt í kjölfarið á alvarlegu andlegu áfalli. Svarið við spurningunni er já, en krefst þó nánari skýringar. Frá faraldsfræðilegum rannsóknum er vitað að streita í kjölfarið á stórum neikvæðum atburðum í lífi fólks, t.d. atvinnumissi, fráfalli maka, veikinda manns nánustu eykur líkurnar á að fá hjarta- eða heilaáfall á næstu misserum. Einnig hefur verið sýnt fram á að þeir einstaklingar sem upplifa streitu eru í meiri áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum samanborið við þá einstaklinga sem ekki upplifa streitu. Þegar við erum að tala um fyrirbærið „brostið hjarta“ (e. Broken Heart Syndrome) erum við þó að tala um bráða og oft svæsna hjartabilun, frekar en bráða kransæðastíflu með hjartadrep.

Það var nefnilega fyrst 1990 í Japan sem menn lýstu sjúkdómi sem stundum hefur verið kallaður „Broken Heart Syndrome“ af þeirri ástæðu að menn töldu sjúkdóminn oftast koma í kjölfarið á skyndilegu andlegu áfalli eins og við fráfall maka, náttúruhamfarir eða eitthvað sambærilegt. Nú er raunar vitað að einnig góðar fréttir, til dæmis það að hljóta stóra lottóvinninginn, mikið líkamlegt álag eða jafnvel krefjandi lyfjameðferð getur komið þessu af stað. Eins sést þetta alloft í tengslum við önnur alvarleg veikindi, eins og til dæmis hjá einstaklingum með höfuðáverka eða heilablæðingar. Japönsku lækarnir nefndu þetta fyrirbæri „Takotsubo“ eftir gildrunni sem Japanir veiða kolkraða í, en hún er einhvers konar sekkur. Hjartað verður nefnilega oft eins og poki í laginu þegar þetta gerist því hjarta-broddurinn dregst illa eða ekki saman (blæs út) og efri hluti hjartahólfsins (vi. slegils) dregst mjög mikið saman. Þá verður hjartað næstum eins og uppblásin blaðra og hefur sjúkdómurinn líka verið kallaður „broddþensluheilkenni“ á íslensku. Í nýlegri umfjöllun í Speglinum á Rás 2 var stungið upp á því að þetta fyrirbæri yrði kallað „harmslegill“ með vísan í að þetta gerist oft í tengslum við mikla sorg og að það er vinstri slegill hjartans sem verður fyrir þessu. Má vel vera að sú nafngift eigi eftir að festast í sessi.



Pórdís segir áföll og sorg geta leitt til broddþensluheilkennis, eða harmslegils. Sama getur gerst við óvæntar eða góðar fréttir og líkamlegt álag. Myndin hér að ofan sýnir Pórdísi á ferð í Tasillaq á Grænlandi, að sjálfsögðu í GoRed litunum, en hún stundar útivist og hreyfingu hvenær sem færi gefst.

Ljósmynd Finnur Sveinsson.

Meirihluti þeirra sem greinast með broddþensluheilkenni eru miðaldra eða eldri konur, þótt sjúkdómurinn sé vissulega þekktur hjá öðrum hópum. Af hverju þetta virðist hlutfallslega algengast hjá eldri konum er ekki vitað.

Þeim einkennum sem sjúklingarnir fá svipar á margan hátt til einkenna við bráða kransæðastíflu; sár eða þungur verkur fyrir brjósti, hjartsláttartruflanir en nokkuð skyndileg mæði eða andþygslu eru mjög áberandi. Í vissum tilfellum getur hjartalínuritið bent til kransæðastíflu, en kransæðamyndataka hjá sjúklingum með broddþensluheilkenni leiðir hins vegar í ljós að kransæðarnar eru allar opnar, sem ekki er tilfellið við kransæðastífluna. Hér er því miklu frekar um skyndilega hjartabilun að ræða. Talið er að 1-2% þeirra sem eru grundaðir um bráða kransæðastíflu séu með broddþensluheilkenni en ekki hjartadrep.

Það er ekki almennilega ljóst hvað veldur þessari skyndilegu hjartabilun. Vísindamenn eru þó sammála um að stresshormón eigi hér stóran hlut að máli. Svo virðist sem hluti hjartavöðvans bregðist við skyndilegri ofgnótt stresshormóna með því að hreinlega lamast. Þetta veldur því að hjartað pumpar ekki sem skyldi, sjúklingurinn verður móður, fær jafnvel vatn í lungun og alvarlegar hjartsláttartruflanir.

Til að greina broddþensluheilkenni er nauðsynlegt mynda kransæðarnar og útiloka að þær séu stíflaðar, en grunurinn vaknar oftast vegna sérkennilegs útlits hjartans við ómskoðun (sónar). Í sumum tilfellum velja menn einnig að gera segulómun af hjartanu, en slík rannsókn getur greint á milli broddþensluheilkennis og t.d. bólgusjúkdóms eða örmyndunar í hjartavöðvanum af öðrum orsökum. Ekki er til nein sérhæfð meðferð við broddþensluheilkenni, en mikilvægt er að fylgjast vel með sjúklingunum og beita viðeigandi hjartabilunarmedferð.

Flestir sjúklinganna jafna sig fljótt, í vægustu tilfellunum jafnvel á nokkrum dögum. Í alvarlegri tilfellum er hjartabilunin þó langvinnari og það geta jafnvel komið upp fylgikvillar eins og heilaslag og alvarlegar hjartsláttartruflanir hjá þeim eru veikastir. Lítil hluti þeirra sem hafa fengið broddþensluheilkenni veikist aftur síðar á lífsleiðinni, en enn sem komið er er ekki til nein ákveðin fyrirbyggjandi meðferð við sjúkdómnum.

Það má því segja að það séu ákveðin sannmæli að hjartað geti brostið úr sorg, eða að maður verði hreinlega harmi sleginn.

Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir
er formaður GoRed Ísland.



Kunnátta í skyndihjálp bjargar mannlífi

Hildur Rut Albertsdóttir og Bylgja Kærnested

